

## 6. gr.

Breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað 14. maí 1925 er hjermeð feld úr gildi, svo og þau ákvæði rafmagnsgjaldskrár í Siglufjarðarkaupstað, frá 25. nóv. 1922, sem koma í bága við gjaldskrá þessa.

74

6. sept.

Gjaldskrárbreyting þessi er hjermeð gjörð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. sept. 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUGJÖRÐ

um

**breyting á reglugjörð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað, 30. júní 1921.**

75

10. sept.

## 1. gr.

## 2. gr. orðist svo:

Húsum kaupstaðarins skal skift í flokka eftir virðingarverði þeirra, og vatnsskattur goldinn af þeim eins og hjer segir:

1. fl. Hús, sem eru virt alt að 7500 krónur, 3‰.
2. fl. Hús, sem eru virt yfir 7500 til 10000 kr., 2½‰.
3. fl. Hús, sem eru virt yfir 10000 kr.:
  - Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðsins .... 2‰.
  - næstu 10000 kr. virðingarverðsins .... 1½‰.
  - því, sem þar er yfir, ..... 1‰.

Af síldarverksmiðjuhúsum reiknast tvöfalt gjald.

## 2. gr.

## 7. gr. orðist svo:

Af hverri kryddaðri tunnu síldar greiðist 6 aurar í vatnsgjald, og greiðist gjaldið þegar þess er krafist.

Af hverju skippundi fiskjar 25 aurar.

75

10. sept.

10. gr. orðist svo:

Vatnsveitunefnd er heimilt, eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar, að selja öllum þeim eða nokkrum þeim, er vatn nota til verksmiðjuíðnaðar, síldarsöltunar og fiskverkunar, aðeins um vatnsmæli, er vatnsnotendur kosta. Slíkir vatnsnotendur greiði vatnsskatt, kr. 5,00, fyrir hverja smálest vatns, sem þeir nota, ef eigi semst um lægra gjald eða bæjarstjórn ákveður gjaldið ekki lægra.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. október 1926, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. sept. 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*

76

10. sept.

## REGLUGJÖRD

um

### **vatnsveitu Flateyrarhrepps.**

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefir einkaleyfi til umráða og starfrækslu á vatnsveitufyrirtæki því, sem hreppurinn öðlaðist samkvæmt gjafabréfi dags. 4. jan. 1926.

Vatnsveitusvæðið er Flateyrartangi, milli Bóta, upp að svonefndum Eyrarvegi.

2. gr.

Frá vatnsveituæðum þeim, sem lagðar eru, eða lagðar verða, um vatnsveitusvæðið, má enginn leggja neinar vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndarinnar.